

# Typpið mun finna þig – Málþing

*Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin fræðsla* er verkefni sem Sólveig Rós M.A. í stjórn málafræði vann í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sólveig Rós mun halda fyrirlestur um rannsókn sína og niðurstöður þann 12. apríl n.k. í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur frá kl. 16:00 til 17:15.

Markmið verkefnisins var að skoða hvort að kynfræðslukennsla í unglingsáldum grunnskóla Reykjavíkurborgar tæki tillit til hinsegin nemenda eða hvort að fræðslan gangi út frá því að nemendur séu gagnkynhneigðir.

Niðurstöður úr rannsókninni gefa sterkar vísbendingar um að hinsegin kynfræðslu sé verulega ábótavant í grunnskólum borgarinnar. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að þrátt fyrir það að kennarar reyni að hafa hinsegin nemendur í huga við kennslu þá er það upplifun nemenda að það sé gert ráð fyrir því að allir séu gagnkynhneigðir þangað til að annað kemur í ljós.

Mikil þögn ríkir um hinsegin kynvitundir og ódæmigerð kyneinkenni og hinsegin ungmenni upplifa kynjaðar væntingar um hvernig þeirra kynhegðun skuli vera. Því er hægt að segja að hinsegin nemendur séu ekki að fá kynfræðslu við sitt hæfi. Hér eru því mikil tækifæri til að bæta kennsluefni og kennsluaðferðir og opna umræðuna um fjölbreytileika nemenda og þeirra þarfir.

Jón Ingvar Kjara, nýdoktor og aðjúnkt við MVS Háskóla Íslands mun halda erindi sem ber heitið *Hinsegin menntunarfræði og hinsegin fræðsla*. Í erindinu ræðir hann inntak hinsegin menntunarfræða og veltir því fyrir sér hvernig hægt er að innleiða slíka nálgun í kennslu og skólastarfi. Enn fremur mun hann ræða núverandi Aðalnámskrá og hvað hún hefur að segja um hinsegin fræðslu. Að lokum mun hann velta því fyrir sér hvernig hinsegin fræðsla er framkvæmd innan skólakerfisins og hvað má gera betur í þeim efnum.

Rósa Guðný Arnardóttir sem starfar í Jafningjafraeðslu Samtakanna '78 mun halda stutt erindi.

Umræður verða í lokin.

Málþingið er opið öllum og aðgangur er ókeypis.

Boðið verður upp á kaffi, te, kleinur og ávexti á meðan fyrirlesturum standa.